

A 1710/hállbart

Flytjandi: Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla: Norræna sjálfbærnefndin

Þingmannatillaga um að efla hlutverk neytenda í baráttunni gegn loftslagsbreytingum

Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að þróa kerfisbundnar aðferðir til að virkja borgarana og skiptast á reynslu milli landanna varðandi neytendur sem áhrifavalda í baráttunni gegn loftslagsbreytingum;

að koma á fót árlegum norrænum viðburði í tengslum við aðgerðir borgaranna gegn loftslagsbreytingum.

Aðdragandi

Nánast öll lönd og þúsundir borga og fyrirtækja hafa heitið því að hrinda Parísarsamkomulaginu í framkvæmd. En án verulega aukinnar þátttöku borgaranna til að draga úr loftslagsbreytingum, þá munu breytingar í samfélaginu ganga of hægt fyrir sig. Það munu alltaf vera til fyrirtæki sem skila af sér „gömlum“ vörum og þjónustu þar til eftirspurn eftir þeim hverfur.

Neytendur sem kjósa að vera brautryðjendur munu hafa mikil áhrif á vaxandi framboð nýrra vara eða nýrrar þjónustu og vöruaukningar frá tilraunastigi til fyrstu skrefa á markaði og munu skipta sköpum í að herða baráttuna gegn loftslagsbreytingum.

Rannsóknir í Finnlandi sýna að borgararnir gegna stærra hlutverki en flestir gera sér grein fyrir. Til dæmis er talið að með einungis níu skynsamlegum aðgerðum neytenda mætti minnka losun Finnlands á gróðurhúsalofttegundum um það sem nemur um það bil þriðjung af markmiðum landsins um minnkun losunar fyrir árið 2030.¹

Til þess að loftslagsheitið nái fótfestu, þá þarf að nálgast hlutina á nýjan hátt. Slík ný nálgun var mótuð í Finnlandi þegar samtökin *Stormvarning* hrintu af stökkunum verkefninu *Medborgarnas Klimatlöfte* (Loftslagsheit borgaranna) árið 2015. Loftslagsheit borgaranna miðar að því að beina sjónum að borgurunum þegar samfélagið breytist í átt að samfélagi

¹ Finnish Innovation Fund, Sitra & Gaia Consulting 2016



með lítilli losun koltvísýrings. Í loftslagsheiti borgaranna geta borgarar hver í sínu lagi heitið því að minnka kolefnisspor sitt um helming á tíu árum.

Í dag hafa meira en 2.000 manns undirritað verkefnið, þar á meðal núverandi og tveir fyrrverandi forsetar Finnlands, forstjórar stærstu fyrirtækja landsins, tónlistarmenn, listamenn og íþróttafólk í fremstu röð. Loftslagsheiti borgaranna náði nýlega alþjóðlegri útbreiðslu. Ásamt Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (UNFCCC) hrintu finnsku stofnendurnir alþjóðlegri útgáfu vettvangsins fyrir framlag einstaklinga af stökkunum í New York 8. september 2016². Nú er mögulegt fyrir hvaða borgara heimsins sem er að ganga í alþjóðlega hreyfingu sem berst gegn loftslagsbreytingum.

Þar sem þátttaka borgaranna er lykilatriði fyrir öll Norðurlöndin, þá leggur flokkahópur miðjumanna til að hvert landanna þróa kerfisbundnar aðferðir til að virkja borgarana og skiptast á reynslu milli landanna. Við gætum einnig komið á fót árlegum norrænum (og síðar alþjóðlegum) loftslagsviðburði borgaranna til þess að læra hvert af öðru. Ein af fyrstu aðgerðunum gæti verið norræn keppni í því hver stæði sig best þegar kolefnisspor er reiknað.

Ósló, 24. janúar 2017

Anna-Maja Henriksson (sv)

Arto Pirttilahti (cent)

Britt Lundberg (ÅC)

Eva Biaudet (sv)

Hanna Kosonen (cent)

Jan Lindholm (MP)

Jenis av Rana (Mfl.)

Katri Kulmuni (cent)

Krista Mikkonen (gröna)

Marcus Knuth (V)

Mikael Staffas (Lib)

Mikko Kärnä (cent)

Ruth Vang (Framsókn)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)

Staffan Danielsson (C)

² <http://newsroom.unfccc.int/climate-action/citizens-climate-pledge-encourages-citizens-around-the-globe-to-make-personal-contributions-to-climate-action>